# AFNÁM VERÐTRYGGINGAR

## AF NEYTENDALÁNUM

Sérálit Vilhjálms Birgissonar

Fréttamannafundur 23. janúar 2014

# Hlutverk starfshópsins

- Útfæra afnám verðtryggingar af neytendalánum
  - Skipunarbréf forsætisráðherra
  - Þingsályktun 28. júní 2013 um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi
  - Stjórnarsáttmáli

- Leggja til mótvægisaðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum

- Setja fram tillögur og tímasetta áætlun

- **Hlutverk hópsins var: afnám verðtryggingar.**

**Ekki hvort heldur hvernig!**

# Hvers vegna sérálit?

- Skipunarbréf forsætisráðherra kveður skýrt á um afnám verðtryggingar
- Tillögur meirihluta nefndarinnar kveða ekki á um afnám verðtryggingar
- Tillögur meirihluta nefndarinnar kveða ekki á um að deila ábyrgð og áhættu með sanngjörnum hætti á milli lántaka og lánveitanda
- Meirihlutinn hafnar algjörlega tillögum um vaxtaþak á óverðtryggð neytendalán
  - En segir hins vegar að íhuga skuli þak á verðtryggingu lífeyrisréttinda (bls. 13)
- Engar tillögur til úrbóta vegna eldri lána

# Verðtrygging veldur verðbólgu

- Verðtryggð jafngreiðslulán auka peningamagn í umferð og skapa verðbólguþrýsting
- Verðtryggð jafngreiðslulán ganga gegn eðlilegum lögmálum um varfærni við lántöku
- Verðtrygging hvetur til of mikillar skuldsetningar heimila
- Verðtryggingin dregur úr virkni peningamálastefnu Seðlabankans
- Vegna verðtryggingar liggur ábyrgð og áhætta af verðbólguskellum öll hjá neytendum

# Íslenskt samfélag er gegnsýrt af verðtryggingu

- Nánast allt er verðtryggt á Íslandi:
  - Leigusamningar vegna húsnæðis
  - Þjónustusamningar
  - Verktakasamningar
  - Gjaldskrár sveitarfélaga og ríkis
- Með öðrum orðum: sjálfvirkar verðlagshækkanir í gegnum verðtrygginguna fóðra verðbólgudrauginn

# Eldri lán

- Allur sérfræðihópurinn var sammála um skaðsemi 40 ára jafngreiðslulána
  - Á þeirri forsendu er það mat mitt að hópurinn hafi ekki getað vikist undan því að leggja fram tillögur til að milda áhrif af skaðsemi 40 ára jafngreiðslulána

- Mikilvægt að koma böndum á verðtryggingu eldri lána
  - Setja þak á vexti þeirra
  - Miða verðtryggingu eldri lána við verðbólguviðmið Seðlabanka Íslands
  - Tillögur leiðréttingarhópsins gera ráð fyrir því að heimilt verði að nota séreign til niðurgreiðslu á höfuðstól
  - Galið fyrir neytendur að gera slíkt ef ekki verður sett þak á neysluvísitöluna

# Lagaleg staða eldri lána

- Fordæmi fyrir breytingum á grunni verðtryggingar með lögum
- Fordæmi fyrir afnámi verðtryggingar af launum 1983
- Ætla verður löggjafanum mjög verulegt svigrúm til að breyta grunni verðtryggingar og takmarka hækkanir verðbótavísitölu sem þátt í aðgerðum til að ná þjóðfélagslegum markmiðum um að jafna byrðar af efnahagsáföllum og gæta jafnræðis

# Ofmæling neysluvísitölunnar

- Vísitölubjagi
- Erlendar rannsóknir sýna að verðbólgan er ofmetin víða um heim
  - Í Bandaríkjunum: er ofmatið 1,1% á ári
  - Í Evrópu: allt að 1,5% á ári

## Ofmæling neysluvísitölunnar

- Í verðtryggingarlandinu Íslandi hefur engin slík rannsókn farið fram af hálfu opinberra aðila.
    - Óskiljanlegt!
    - Krafa er um að stjórnvöld láti óháða aðila rannsaka hver skekkja neysluvísitölunnar hér á landi er.

- Af heimasíðu hagstofunnar:

**3.3 Tölur um öryggismörk/skekkjumælingar**

Ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á skekkju í íslensku neysluverðsvísitölunni

# Ofmæling neysluvísitölunnar

- Hins vegar gerðu þau Bjarni V. Halldórsson, Oddgeir Á Ottesen og Stefanía H. Stefánsdóttir rannsókn á íslenska vísitölubjaganum árið 2011
  - Ofmat neysluvísitölunnar hér á landi síst minni en í öðrum löndum
- Ofmat á neysluvísitölunni getur þýtt eignatilfærslu frá skuldsettum heimilum til fjármálakerfisins sem getur numið allt að 25 milljörðum á ári

# Samanburður á greiðslubyrði lána




Heimild: Analytica

# Greiðslubyrði getur lækkað

| Lánsupphæð 20 m.<br><br>Tekjur 10 m. | Verðtryggt jafngreiðslulán 4,5% vextir | Óverðtryggt jafngreiðslulán 7,5% vextir |
|---|---|---|
| Mánaðarleg brúttógreiðsla | 90.134 kr. | 131.614 kr. |
| Vaxtabætur | 8.333 kr. | 33.333 kr. |
| Nettó mánaðarleg greiðsla | 81.801 kr. | 98.281 kr. |
| Séreignasparnaður 4% | | 33.333 kr. |
| Alls til greiðslu | 81.801 kr. | 64.947 kr. |

*Miðað er við 3%. Greiðslubyrði verðtryggðs láns er reiknuð með reiknivél Landsbankans. Vaxtabætur, heimild: Glærukynning fjármálaráðuneytisins fyrir starfshóp um afnám verðtryggingar. Séreignarsparnaður er 4% af tekjum.*

# Tillögur

- Verðtrygging neytendalána verði bönnuð frá 1. júlí 2014
- Gripið verði til mótvægisaðgerða
  - Skattaívilnun
  - Nýir lánakostir
  - Séreignarsparnaður (léttir greiðslubyrði)
  - Vaxtabætur (greiddar út mánaðarlega)
  - Danska íbúðalánakerfið

# Tillögur

- Framhald
  - Leigumarkaður
  - Varnir gegn fákeppni og okri (vaxtaþak)
  - Ríkið gefi út verðtryggð skuldabréf

- Böndum komið á vexti og verðtryggingu eldri lána

- Vísitölubjagi rannsakaður

**Vextir og verðtrygging eru ekki náttúrulögmál, heldur mannanna verk sem klárlega er hægt að breyta!**